

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi athafnasvæðis við Meltún fyrir lóðina Völuteig 17-19, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti minniháttar breytingu á deiliskipulagi athafnasvæðis við Meltún, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 28. febrúar 2001.

Breytingin felst í því að byggingarreitur er stækkaður um 5,75 m til suðurs og 13,9 m til austurs.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu skipulagsins. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi og við gildistöku þess fellur úr gildi eldra deiliskipulag fyrir lóðirnar frá 11. júní 2000.

Mosfellsbæ, 22. mars 2001.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar,

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.

20. mars 2001

Nr. 290

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Aðaldælahreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn Aðaldælahrepps er heimilt skv. 8. gr. samþykktar um sorphirðu í sveitarfélaga á Norðurlandi eystra, nr. 541/2000, að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorphörgunargjald).

2. gr.

Sorphirðugjaldið er árlegt sem hér greinir:

	kr.
A) Á íbúð	6.000
B) Sumarbústaðir, hvert hús	2.000
C) Fyrirtæki samkvæmt eftirfarandi flokkun:	
Flokkur a)	20.000
Flokkur b)	30.000
Flokkur c)	40.000
Flokkur d)	50.000

Sveitarstjórn raðar fyrirtækjum í gjaldflokka m.a. eftir umfangi og áætluðu magni úrgangs.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af sveitarstjórn Aðaldælahrepps, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra, með heimild í 8. gr. samþykktar um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000, og 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi fyrri gjaldskrá nr. 197/1999.

Iðjugerði 1, 20. mars 2001.

F.h. Aðaldælahrepps,

Dagur Jóhannesson oddviti.